

RAFORKUMÁLASTJÓRÍ
Jarðhitadeild

GREINARGERÐ UM FERÐ Á TORFAJÖKULSSVÆÐI HAUSTIÐ 1966

Eftir

Kristján Sæmundsson

Marz 1967

Inngangur

Greinargerð þessi er í dagbókarformi og fjallar svo til eingöngu um þær athuganir, sem gerðar voru í feltinu. Hveraþorpum er lýst nokkuð og sérstaklega getið um þá hveri, sem prufur voru teknar úr. Lykillinn að þessu er kort í mælikvarða 1:50.000, sem enn er ekki fullgert og fylgir því ekki skýrslunni. Einnig eru þýðingarmestu jarðfræðilegar einingar merktar á kortið, svo sem takmörk líparíts og móbergs, helztu hryggir, postglacialar gosmyndanir, misgengi og uppistöðulón.

Niðurstöður af efnagreiningum eru ekki teknar inn í skýrsluna, enda þótt þær liggi allar fyrir. Úrvinnsla hefur þegar farið fram á efnagreiningum af hveravatni og fengizt allgóð heildaryfirsýn. Frekari prufutökur miðast við þessar niðurstöður. Bíður það lokaskýrslu að greina frá þessu í heild.

Ferð á Torfajökulssvæði haustið 1966

Eftir Kristján Sæmundsson

Ferð þessi, sem stofnað var til af jarðhitadeild og Raunví sindastofnun Háskólangs, var farin í því skyni að kanna jarðhitastaði á Torfajökulssvæðinu. Safnað var vatnsprufum og gasi úr hverum á Torfajökulssvæðinu og regnvatni bæði þaðan og af stóru svæði norðaustan þess til ísþópagreiningar. Jarðfræðingar lögðu mesta áherzlu á að leita uppi og kortleggja hverapörpin, en gáfu jarðmyndunum að sjálfsögðu einnig auga.

Þáttakendur voru frá jarðhitadeild:

Jens Tómasson
Karl Grönvold
Kristján Sæmundsson
Stefán Sigurmundsson

frá Raunví sindastofnun Háskólangs:

Bragi Árnason
Oddur Benediktsson
Páll Theodórsson.

Lagt var af stað frá Reykjavík 20. sept. kl. 11 f.h. í heldur slæmu veðurútliti. Áður en lagt var upp frá Selfossi, gerði stórrigningu og hélzt hún upp í Lands sveit. Gekk annað slagið á með éljum. Hélzt úrkomulaust þaðan alla leið í Landmannalaugar. Á Skarði var stanzað góða stund, tekið eldsneyti og rætt við Guðna Kristinsson, hreppstjóra, um útlit og leiðir, en allir vorum við heldur ókunnugir bílaslóðum á hálandinu.

Þegar komið var norður fyrir Heklu, var allmikinn snjó að sjá í Rauðfossafjöllum og Mógilshöfðum. Til að kanna, hvort fært væri upp í Reykjadalí, beygðum við af leið við Helliskvísl og ókum rakleiðis upp á hæsta stað leiðarinnar vestur af Litlhöfða. Færðin upp brekkurnar var ágæt, en þæfingur af snjó efst á fjallinu. Þar uppi var heldur kaldranalegt. Sást illa niður í Reykjadalí vegna þoku, en þó mátti greina, að þeir voru hvítir af snjó. Norðan í fjallinu við veginn, þar sem ekið er upp á það, er mikill gígur. Lítið hraun hefur runnið frá honum og fyllir sporöskjulagaða dalkvos norðan undir fjallinu. Gígurinn sjálfur er aðallega úr ösku og vikri, sem þekur hlíðarnar á stóru svæði. Þær eru mjög sundurgrafnar af vatnsrásum. Bílaslóðin liggur upp mjóan hrygg milli tveggja slíkra vatnsrása. Ókum við til baka sömu leið, en komum á aðalveginn austan við Sátubarn. Héldum síðan sem leið liggur í Landmannalaugar og komum þangað kl. 18⁴⁰. Kvíslin var vatnslítil og hér um bil tær vegna kuldans.

2. dagur, 21. sept.

Veður var skaplegt, skyjað á fjöllum og súld eða rigning annað slagið og hlýtt. Hélzt þannig allan daginn. Pennan dag athuguðum við hveri umhverfis Brennisteinsöldu og á hálsinum, sem gengur suðvestur úr henni. Páll Theódórsson fór einsamall í könnunarferð upp með Námskvísl og í Vondugil. Fann hann þar hveri á nokkrum stöðum. Síðar fórum við hinir þangað, söfnuðum prufum og merktum hverina.

1) Hverasvæði austan í Brennisteinsöldu

Urmull af gufuaugum, oft með brennisteinsútfellingum, er í hlíðum Brennisteinsöldu upp af Laugahrauni. Vatn er

lítio sem ekkert í þessum hverum, og leirhverir sjást tæpast heldur. Stórar skellur eru kringum gufuaugun. Gasprufa var tekin í skellu, sem merkt var l á loftmynd. Þar kraumaði smávegis vatn. Uppi undir háum kletti úr líparítbreccíu skammt þar suður af er stórt soðflag (skella 3). Norðaustan undir klettinum voru teknar bergprufur handa Stefáni Arnórssyni í röð frá tiltölulega fersku bergi inn að leirkellunum, sjá fylgiblað S 505 - S 508.

Í jaðri Laugahrauns er óslitin röð af gufuaugum neðan undir Brennisteinsöldu, sem ná alveg upp að efsta gosopinu. (ca. 700 m vegalengd). Í hraunbolla neðan við 2. gosopið suðvestan frá (milli aurtungnanna) var safnað bergprufum af misjafnlega ummynduðu hrauni handa Stefáni Arnórssyni, sjá fylgiblað S 509 - S 517.

Syðstu hverirnir í þessu hveraporpi eru suðaustast í Brennisteinsöldu ofarlega í hallanum neðan frá syðstu og efstu upptökum Laugahrauns. Þetta erueinnig gufuaugu, sum með brennisteinsútfellingum, í allstórum soðflögum. NA frá brattri fossbrún koma gufuaugun fram á skarpt afmarkaðri sprungu með NE - SW stefnu. Sunnan gilsins (ofan við fossinn), eru nokkrir leirhverir og gufuaugu í bolla sennil. (gufu)-sprengigíg.

2) Hverasvæði í giljunum suðvestur af Brennisteinsöldu

Hveraborp þetta er álika stórt um sig og hið fyrra, en hverirnir dreifðari. Mynda þeir níu allvel aðgreindar pyrpinger í giljunum suðvestur frá Brennisteinsöldu. Gil þessi stefna frá SV-NA, og fylgja þannig aðalsprungustefnu svæðisins. Austasta gilið fylgir nokkuð örugglega sama misgenginu, sem Laugahraun hefur komið upp á.

Hverapyrpinger merktar a og c á korti eru í (gufu)-^{Mynnd 1} sprengigígum. a-gígurinn er opinn norðvestur úr ^{Mynnd 1} Smávegis afrennsli er úr honum og tært vatn sýður í sumum uppstreymis augunum. c-gígurinn er afrennslislaus með lítilli hringlaga tjörn^{Mynnd 2}. Mikið hverasull er í suðurenda tjarnarinnar. Par voru teknar gas- og vatnsprufur merktar Sprengigíkur. Sprengigígar pessir eru allir álíka stórir, ¹¹⁾ eða um 50 - 60 m í þvermál. a og c eru uppi á lágum rimum milli gilja. Í gili milli þeirra eru allmagnaðir gufu-hverir á nokkrum stöðum, og vestan við c-gíginn er einnig skella með gufuaugum. Ljósmyndir fylgja hér með af báðum sprengigígunum.

Í vestasta og stærsta gilinu, sem petta hveraporp tekur til, eru þrjár hverapyrpinger, aðallega gufuaugu en lítið um vatn. Sú innsta er í vestari gilvanganum og nær h.u.b. ofan frá brún og niður í botn á gilinu. Hinar tvær eru norðaustar og skammt á milli. Önnur er ofan við dalbotninn austan megin í lítilli hvilft, hin neðri við lækinn vestan megin. 400 m SV frá a gígnum eru gufuaugu hátt í fari eftir berghlaup mikið, sem fallið hefur niður í syðstu Námskvíslargilin.

3) Lindir á aurum austan undir hjöllum ofan Grænagils.

Undir kvöld á leið okkar heim í skála, rékumst við á volgar lindir á aurum austan undir hjöllum tveim, sem liggja fast undir fæti Brennisteinsöldu neðan við Laugahraun. Volgar lindir eru á aurunum í röð meðfram hjöllunum. Rennur þar um volgur lakur ca. 500 m langur, efst 15° heitur neðst um 27° . Heitasta lindin, hálfgerður leðjupyttur, var um $56-59^{\circ}$. Rennsli úr henni um $1/2$ l/sec. Prufan tekin þar og reyndust þá 56° hiti í botni. Prufur merktar "A aurum ofan Grænagils". ²⁴⁾ Uppsprettu pessi var á móts við lækinn miðjan.

Hin helztu jarðfræðilegu fyrirbæri, sem eftir var tekið skulu lítillega nefnd.

Laugahraun mun vera komið upp á um 1800 m langri gosprungu með ca. 9 stökum gosopum í röð frá SV-NA (sjá kort). Námshraun, Norðurnámshraun, Ljótipollur og gosprungan milli hans og Norðurnáms fylgja sömu eldstöðvalínu. Nokkur misgengi finnast og í sambandi við hana. Þau eru einkum skýr norðaustan til. Brotlinur munu halda áfram til SV, þegar Laugahrauni sleppir, eins og nefnt var í sambandi við hveraborp 2. Hraunin eru því súrari sem suðvestar dregur á eldstöðvalínunni. Til eru gamlar analysur af Laugahrauni m. $\text{SiO}_2 = 67,91$ og Námshrauni 62,72 (Bäckström 1892). Auðsætt er á útliti Norðurnámshrauns, að það er basískara en Námshraun og lokks kemur Frostastaðahraun, sem vera mun ~~██████████~~ olivínbasalt.

Stórt berghlaup hefur fallið ofan úr brúninni suðvestur frá Brennisteinsöldu niður í gilið, sem syðsta aðalgrein Námskvíslar kemur úr.

I Brennisteinsöldu eru skil í líparítinu. Er bungan norðan við ölduna gerð úr gráleitu líparíti. Í gili, sem fellur austur milli lágu bungunnar og hábungu Brennisteinsöldu, liggur líparítvikur og gróf líparít-breccía ofan á líparíti lágu bungunnar. Sennilega er þar basal fazies á hraungúl, sem Brennisteinsaldan er leifar af.

Neðantil í Bláhnúk í Grænagili sést eftirfarandi uppbygging (sjá meðfylgjandi ljósmynd af staðnum) Mynd 3).

Efst blágrátt líparít Bláhnúks,
ljósgulleitt líparít svipað og í
Brennisteinsöldu. Neðsti hluti þess
breccíerað líparít og líparítvikur.
Tillit 1 - 3 m
Basaltískt bólstraberg (normalt magn).

3. dagur, 22. sept.

Veður milt og hlytt, hæg sunnanátt úrkomulaust. Þennan dag óx mjög í Jökulgilskvísl. Mennirnir frá Raunvíssindastofnuninni lögðu upp í tveggja daga ferð um Sprengisands-veg til að safna vatni. Jens og Stefán fóru árla morguns eftir vatni í laugarnar á eyrinni ofan Grænagils, sem við fundum kvöldið áður. Karl og Kristján gengu inn eftir Jökulgili og hugðu að jarðhita. Eftir hádegið fórum við í könnunarferð austur Fjallabaksveg austur undir Veðurháls, til að gá að vafasönum jarðhita. Þegar aftur var komið heim í skála, var farið eftir prufum úr nokkrum hverum í Jökulgili. Varð sú ferð allsöguleg.

4) Laugar á aurunum austan kvíslarinnar fast undir Barmi.

Allmög uppstreymisaugu eru þarna á um 30 m löngum kafla meðfram brekkunni. Kaldur lækur rennur einnig þarna um, og eru mörg augnanna í honum og við hann. Hvít grugg sest til í læknum. H_2S - lykt allmagn. Flest augun eru $30 - 50^{\circ}$. Það heitasta var norðarlega í hveraporpinu $67^{\circ}C$. Þar var tekin vatnsprufa merkt Jökulgilsaurar N. Gas er allmikið í þessum laugum. (Merkingin N byggist á misskilningi).

5) Fremst í stóru hliðargili vestan Jökulgilskvíslar

Laug $52^{\circ}C$ heit er í grasbrekku framarlega í gilinu hægra megin.

6) Vestan megin við kvíslina í föstu bergi við brekku-fótinn.

Syðsta laugin 56° heit er um 400 m norðar en 5). Ca. 50 m norðar er hver $80^{\circ}C$ með miklu gasi og laug $32^{\circ}C$ litlu norðar. Úr $80^{\circ}C$ heita hvernunum var tekin vatnsprufa, einnig gasprufa og radonprufa merkt Jökulgilsaurar S.

7) Norðvestan í 734 m hæð milli Brandsgils og Jökulgils

Parna er alldjúp skvompa með gufuhverum, sem blasir við frá Landmannalaugum. Hlíðin er eitt hvíndi soðflag á meir en 100 m kafla. Lítið er um vatn, en leirhverir og brennisteinshverir nokkrir. Niðri á aurunum er allstór skella með gufuagum og brennisteinsútfellingum.

8) Inni í Jökulgili var tekin vatnsprufa af ryðrauðu vatni, sem vætlaði yfir klett til $1/2^{\circ}$ vestan megin við kvíslina. Merkt Votiklettur.

Sams konar volgra (13°) var merkt Jökulgilsmegin utarlega í rananum milli Brandsgils og Jökulgils. Sú er í gamalli skellu.

Enda þótt eftirfarandi þrír jarðhitastaðir væru skoðaðir daginn, sem við fórum frá Landmannalaugum, skal þeim lýst hér vegna legu sinnar beint norður af Jökulgilinu og hveraþyrpingum 4) - 8). Um legu sjá meðfylgjandi skissu af Landmannalaugum.

9) A aurunum rétt sunnan við endann á Barmi

Laugar svipaðar og 4) en kaldari mest 45° . Prufa merkt Jenshver til heiðurs finnanda. Jökulgilskvíslin rann nú austan við laugar þessar, en rennur stundum yfir þær eða vestan við.

10) Landmannalaugar (Mynd 4)

(sjá aðrar)

A meðfylgjandi feltbókarissku er umhverfi jarðhitans í Landmannalaugum sýnt ásamt helztu uppstreymisopunum.

Hitamæli var stungið niður víða og mældist oftast $50 - 70^{\circ}$. Mest 76° . Þar var tekin prufa merkt Landmannalaugar.

Þar sem prufan var tekin, er allstórt rotið flag með mörgum uppstreymisaugum. Kaldar vatnsmiklar uppsprettur koma upp undan hrauninu auk heita vatnsins, sem bæði kemur þaðan og eins upp úr fitinni sjálfrí. Safnast hvort tveggja í vatnsmikinn læk, Laugalækinn, sem síðan rennur norður í Námskvísl.

11) Klapparnef norðan við Námskvísl, þar sem gatan utan í Suðurnám kemur niður. Pálmi Hannesson (Náttúrufræðingurinn 1948, 3.h. bls. 129) getur um volgar uppsprettur og ólgandi ölkeldur á þessum stað og í eyrinni. Ekkert sáum við af þessu nú, enda gáðum við ekki sérstaklega að því. Námskvísl féll fast upp að klettinum.

Páll Theóðórsson taldi sig hafa séð gufu leggja upp úr Laugahrauni spölkorn suður frá Námskvísl. Merkti hann þennan stað á loftmynd og reyndist hann liggja í framhaldi af uppvörpunum. Hverapyrpingar 4 - 11 liggja í belti með NW - SE - stefnu, sem afmarkast glöggt af Jökulgilinu.

Jarðfræðilegar athuganir.

I Kýlingum var mælt jarðvegssnið með öskulögum og safnað prufum af öskunni.

$H_3 = 26 \text{ cm á } 1,70 \text{ m dýpi}$
 $H_4 = 74 \text{ cm á } 2,85 \text{ m dýpi}$
 $H_5 = 56 \text{ cm á } 4,85 \text{ m dýpi}$

(Sjá um það mynd).

Ferð okkar austur Fjallabaksveg að Veðurhálsi var farin í þeim tilgangi að kanna, hvort krossar, sem Pálmi Hannesson merkir á korti sínu (frá 1933) norðan undir Tindafjöllum, eigi við jarðhita. Ekki reyndist svo vera, en kaldar vatnsmiklar lindir koma þarna upp. Norðurendinn á Tindafjöllum (ca. 850 m hátt fjall) er úr mjög dílóttu bólstrabergi og móbergi, en fellin tvö 855 og 610 m austan við lækinn, sem við gengum upp með, eru úr tholeiitisku andesíti. Tindafjöllin eru hins vegar úr ódílóttu móbergi.

4. dagur, 23. sept.

Veður svipað og daginn áður, hlýtt, og skyjað loft. Mikið vatn komið í kvíslina.

Stefán var heima í skála þennan dag og mældi klórprufurnar. Jens, Karl og Kristján fóru upp með Námskvísl til að safna prufum og kortleggja jarðhita þann, sem Páll Théodórsson hafði fundið þar áður.

12) A aurum Námskvíslar. Allkröftugur hver ca. 1 m í þvermál er á miðjum aurunum norður frá Brennisteinsöldu. Sýður þar mikið, en afrennsli virðist allt hverfai aurana. Hiti 97° . Prufur merktar Eyrarhver. Ca. 120 m neðar á aurunum eru vatnsmiklar laugar 36° í yfirborði, 70° ef mæli var stungið niður í botninn. Þó nokkuð frárennsli, ekkert gas.

13) I mynni Vondugilja. Mikil hverabyrping er í mynni gilsins utan í gilbörnumunum neðan til. Flestir sunnan við ána, en nokkrir norðan við, þ.á.m. einn á eyrinni, sem sýður kröftuglega. Austustu hverirnir eru utan í litlu berghlaupi, sem fallið hefur norðaustur í aðalgilið. Prufur voru teknar úr goshver, sem kom upp undir kletti neðst í brekkunni sunnan árinnar. Er sá stærstur í þessari hverabyrpingu. Prufan merkt Sullur. Parna er langmest um vatnshveri, en einnig nokkuð af gufuaugum í skellum.

14) Fremst í næstnýrztu hliðargrein Vondugilja.

Nokkuð uppi í gilinu eru kraftmiklir sjóbandi vatnshverir með gasi og gufuaugu í skellum. Rennsli ca. 1 l/sec. Vatnsprufur merktar Pálshver. Hverir þessir eru við misgengi með NA - SW - stefnu, sem liggur suðvestur upp úr gilinu.

Hverasvæði 3 - 14 eru öll í um 600 - 650 m hæð yfir sjó við rætur fjallanna. Hverabyrpinger 1 - 2 eru hærra þ.e. í 750 - 850 m hæð uppi í fjöllum.

Jarðfræðilegar athuganir voru fáar gerðar pennan dag. Móberg er ofan á og utan í líparítinu við Námskvísl vestan Brennisteinsöldu og uppi á fjallinu Suður-Nám. Var það merkt inn á loftmynd eins vel og hægt var að greina neðan frá aurunum.

5. dagur, 24. sept.

Veður milt og loft skýjað líkt og dagana tvo á undan. Úrkomulaust. Mennirnir frá raunvísisindastofnuninni komu til baka úr ferð sinni að kvöldi þess 23. Morguninn 24. sept. fóru Páll Theódórsson og Stefán Sigurmundsson niður í byggð eftir eldsneyti á bílana og fleira. Hinir fóru gangandi inn Litla Brandsgil og upp úr því austan við Skalla (1017 m) og niður gilið, sem gengur upp í hann sunnan frá. Athugaður var jarðhiti á allri þessari leið svo og í Jökulgilinu gegnt Hatti. Haldið var heim eftir Jökulgilinu og komið þangað í myrkri.

15) Litla Brandsgil

Í fremri helmingi þessa gils rákumst við á einar 5 volgrur með ryðrauðu vatni og ölkeldukeim. Hitastig frá 12° - 24°C . Vatnsrennsli yfirleitt lítið. Svipar mjög til Votakletts í Jökulgili, en þar var tekin vatnsprufa.

16) Niðurgöngugil sunnan við Skalla

Sunnan undir Skalla eru vatnshverir $80 - 88^{\circ}\text{C}$ heitir í endanum á rima, sem gengur niður í gilið. Gufuhverir eru í skellu uppi í hlíðinni norður af. Úr vatnshverunum var tekin prufa merkt Niðurgöngugil. Neðar í gilinu eru

51° heitar laugar vinstra¹⁾ megin uppi í hliðarskoru, en vatnsmikil ölkelda hægra megin á aflíðandi bala (51°C). Megn H₂S-lykt er í gilinu umhverfis þessa hveri.

17) I viki, þar sem Jökulgilskvísl og Niðurgöngugil meastast.

A grasbala eru vatnshverir í stórum pollum 50 - 70°C heitir, neðan við brekkuna rétt við aurana. Í brekkunni norðaustan við er skella með gufuaugum. Þessi staður er vestan við Niðurgöngugilið í minna en 700 m hæð y.s.

18) Gil austan við Hnausa gegnt Niðurgöngugili.

A eyri sunnan kvíslarinnar kemur upp mikil af volgu vatni, mest um 50°C. Tekin prufa merkt "I Jökulgili sunnan kvíslar gegnt Hatti".

Inni í gilinu framarlega er hver á botnaurunum, sem mikil suða er í, en afrennsli lítið (mun allt hverfa í aurana). Suðan er á svæði, sem er hringlaga og aðeins um 1 m í þvermál. Hiti 97°. Prufa tekin og merkt:

Hver í gili austan Hnausa. Aðeins innar í gilinu er skella með gufuaugum og um 100 m innan við hana er laug 40° og enn 100 m innar volgra 15° heit. Önnur volgra 20° er vestan megin í gilinu rétt við mynni þess. Framan við mynnið vestan megin er 56° heit laug við brekkræturnar.

Jarðfræðilegar athuganir

Lítill tími gafst til jarðfræðilegra athugana þennan dag. Þoka var á fjöllunum, þegar við komum upp úr Litla Brandsgili og hélst, meðan við gengum suður fyrir Skalla.

1) Þegar talað er um vinstri og hægri í sambandi við gil og ár er það ætíð hugsað út frá því, að horft sé í rennslisstefnuna.

Efst í gilinu, sem gengur upp í Skalla austan megin er 30 m þykkt móbergstuff-lag. Þar ofan á liggur líparítið í Skalla. Virðist hann því vera sérstakur líparítkúfur, sennil. gúll. Skalla-líparítið er frábrugðið því, sem undir móberginu liggur, einkum í því, hversu það veðrast í þunnar flögur.

Mikið er einnig af móbergi og bólstrabergi í Hnausum og á svæðinu vestur þaðan. Var reynt að teikna mörk þess á loftmynd, en ekki reyndist unnt að sjá hversu langt það nær suður eftir Hnausum. Móberg er einnig í Hatti sjálfum, og liggur það allt ofan á líparítinu hér um slóðir. Sennilega er móbergsmillilagið, sem við fundum undir Skalla, stratigrafískt í sömu hæð og móbergið umhverfis Hnausa.

Reyndum við mjög að skima eftir jarðhita í giljunum sem við séum í ofan af hæð einni í Hnausum, en urðum einskis vísari, utan hvað miklir reykir sáust vestan við Jöklulgilið vestur frá Hnausum. Mun þetta bíða athugunar um sinn, og svo munu einnig tveir jarðhitastaðir, sem Guðmundur Kjartansson merkir á kort sitt nálægt mynni Hamragilja.

6. dagur, 25. sept. (sunnudagur)

Veður stillt og hlýtt. Hæg sunnanátt. Nokkur pokar á fjöllum framan af lagi, en létti af seinni part dags. Fórum allir saman á báðum bílunum leiðina, sem við höfðum kannað á fyrsta degi upp í Reykjadalí. Þar hafði nú allan snjó tekið upp í hlýindunum undanfarna daga. Vorum í Reykjadalum eystri og vestri allan daginn. Ókum lengst inn á móts við norðausturendann á Hrafninnuhrauns röðinni.

19) Hverabyrping nyrst í Reykjadölum vestri

Hverabyrpingin, sem hér er talin 19), er nokkurn veginn hringlaga og um 1 km í þvermál. Eru hverirnir vestan í móbergshrygg og í hallanum frá honum niður að djúpu gili, svo og í skorningum austan við og upp af þessu gili. Þar sem vegurinn liggur næst hverabyrpingunni norðan megin, eru hverir í gilskoru þ.á.m. stórr stjörn með vatni einnig gufuhverir og leirhverir í skellum. Þar voru teknar prufur merktar Reykjadalar vestur (á korti = R_1). Parna voru einnig teknar mismunandi ummyndaðar bergprufur handa Stefáni Arnórssyni (sjá fylgiblað S 500 - S 504).

Í gili vestur frá R_1 eru tærir vatnshverir ($60 - 75^\circ$) með kalkhrúðri umhverfis og miklu gasi. Í innsta og stærsta hvernnum var tekin prufa merkt Gilshver 75° . Margir fleiri hverir og skellur eru innan þessarar hverabyrpingar, samtals um 10 - 12 aðgreindar skellur, sem sumar ná yfir 1000 m^2 svæði. Allar eru skellurnar líkar, með mörgum gufuaugum, leirhverum og gruggum vatnshverum. Viða eru brennisteinsútfellingar. Voru skellurnar merktar nákvæmlega inn á loftmynd.

20) Hverabyrping sunnan í móbergshryggjum upp af Markarfljóti norður af Hrafntinnuhrauni.

Parna eru 7 aðgreindar skellur með gufuaugum, leirpyttum og brennisteinsútfellingum. Dræmt vatnsrennsli er úr einstöku hver. Einn af vestustu hvernunum blæs ákaft með háu hljóði. Nefndum við hann Hvin. Vatnsprufa var tekin úr vestasta hvernum í þessari hverabyrpingu 71°C , merkt Vestan við Hvin.

21) Hverir sunnan í móti skammt suður frá 19)

Parna eru tvær skellur, sú eystri þó miklu stærri. Er þar um (gufu-)sprengigíg að ræða með hinum venjulegu leirpyttum og smávegis vatnsrennslí. Skellur með gufu-hverum eru austan og vestan í brúnum þessa sprengigígs, sem er um 50 - 60 m í þvermál.

22) Hverir austan í sama móbergshryggnum og 19) en vestar

Þrjár aðgreindar skellur, sú vestasta stærst. Var ekki skoðað nema í kíki úr ca. 1 km fjarlægð. Allmikil gufa stíglar þarna upp.

23) Stök skella suðvestur frá 20) skammt upp af Markarfljóti norðan megin.

Einungis skoðuð í kíki ofan af brún Hrafntinnuhrauns.

24) Hverabyrping fast norðan við Hrafntinnuhraun.

Volgrur, H_2S -lykt og gasbólur eru á eyrinni og í Markarfljóti austast í þessari hverabyrpingu, þar sem þrengslin norðan við Hrafntinnuhraun byrja.

Prufa tekin úr 13° heitri volgru sunnan árinnar, merkt Lind undan Hrafntinnuhrauni. 33° heit lind kemur upp við læk litlu vestar, rétt norðan undir hraunbrúninni. Magnaðir gufuhverir eru niðri í gljúfri Markarfljóts norður af miðju Hrafntinnuhrauni en einnig uppi á balanum milli gljúfurins og hraunsins. Þar var tekin prufa úr 91° heitum vatnshver, merkt Hver vestan (?) Hrafntinnuhrauns. Aðeins austar er rauður vatnshver á sama balanum einnig 91° heitur, prufa tekin úr honum og merkt Hver á bala rétt norðan við Hrafntinnuhraun. Gufu leggur upp úr hrauninu suður frá þessum hver rétt ofan við brúnina, á nokkru svæði.

Hverirnir í Reykjadöllum vestri 19) - 24) eru allir í um og yfir 800 m hæð y.s.

25) Hverabyrping norðaustan við "miðhraunið" (elzta) í Eystri Reykjadalum.

Þarna eru þrjár aðgreindar skellur, sú vestasta í brún elzta hraunsins í ca. 860 - 870 m hæð y.s. Miðskellan er niðri undir á sunnan megin. Þær eru nokkrir vatnshverir, mest þó gufu augu eins og uppi í hraunbrúninni.

Norðaustar, handan við ána, er stærsta skellan sem Pálmi Hannesson nefnir Stóra Hver á korti sínu frá 1933. Það er þó eigi rétt samkvæmt nútíma venju. Hinn eiginlegi Stóri Hver er miklu austar. Tekin var vatnsprufa úr rauðum hver nyrzt í skellunni merkt Stóri hver, litli. Þær voru einnig teknar prufur handa Stefáni Arnórssyni af misjafnlega ummynduðu bergi (sjá fylgiblað S 518 - S 520 - Rauði-hver).

Norðaustan við elzta hraunið koma volgrur fram á nokkrum stöðum rétt ofan við ána. Þær mældust um 11°C heitar.

26) Austan í miðju uppvarpi "miðhraunsins" er stór skella, sem mikið rýkur úr og aðeins var skoðuð í kíki. Hún er í rúmlega 900 m hæð y. sjö.

27) I jaðri Hrafntinnuskers ca. 400 m austur frá 26) eru tvær stórar skellur, sem einnig voru skoðaðar í kíki og merktar inn eftir því.

28) og 29) I jaðri Hrafntinnuhrauns vestan megin suður frá 27). Skellur, aðeins skoðaðar í kíki.

Þrjár síðast töldu hverabyrpingarnar eru í um 900 - 950 m hæð y. sjö.

Jarðfræðilegar athuganir

Líttill tími var aflögu til jarðfræðilegra athugana pennan dag, og þær því flestar gerðar á hlaupum.

Beindust þær og eingöngu að hinum augsýnilegustu fyrirbærum, svo sem ungu hraununum, sem fljóttlega má átta sig á með hjálp loftmynda. Einnig reyndum við að rekja útbreiðslu móbergsins í Reykjadölum.

Berghlaup hefur fallið suður ofarlega úr Litlhöfða og virðist ekki vera ýkja gamalt.

Vatnaset (hvarfleir) er nyrzt í Reykjadölum upp af ánni, þykkt um 6 m. Ofan á eru nokkrir metrar af ösku og vikri, þ. á.m. elztu Heklulögin. Öskuprófil á þessum stað þarf að mæla nákvæmlega næsta sumar.

Ungu hraunin. A svæðinu suður frá Reykjadölum og vestan Laufafells hafa orðið 6 postglasíð, súr hraungos, og er þá uppvavarparöð Hrafntinnuhrauns talin sem l gos og Hrafntinnuskershraunin einnig. Elzt af þessum hraunum er líklega það, sem liggur vestan við bílaslóðina austur frá mótum Blautukvíslar og Markarfljóts. Gos betta hefur byrjað sem sprengigos. Hefur myndast í því sporöskjulagaður gígur um 2 km á lengd frá SV - NE. Umhverfis hann hafahlaðið upp allháir gígbarmar úr ösku og vikri og lausu gosefnin raunar dreifst nokkuð um nágrennið, þar sem þau þekja holt og hæðir. Gosi þessu lauk með því, að súrt hraun kom upp í gínum og fyllti hann hér um bil. Yngri eru litlu hrauntoturnar vestur frá suðurenda gígsins. Ein þeirra hefur komið upp á brún öskugígsins, hinar eru í brekkunni niður að Markarfljóti. Hrauntotur þessar munu vera norðausturendinn á mikilli gossprungu vestan við Laufafell (sjá bls. 18).

Hraun milli Hrafntinnuskers og Hrafntinnuhrauns
hefur komið upp í um 1 km löngum hrygg (Staurücke) og
aðallega breiðst norður eftir. Hraunið er mjög vikur-
orpið. H_4 þóttumst við finna ofan á þessu hrauni.

Hrafntinnusker er stærst af hraunum þessum og virðist
yngra en hraunið norðvestan við. Mjög er það samt vikur-
borið og óvist, að þessa sé rétt til getið. Í Hrafntinnu-
skeri má greina two gosfasa. Í þeim fyrri komu upp hraun-
tungurnar, sem runnu lengst norðvestur. Hraunið, sem
síðar kom upp, hefur hrúgast meira upp og myndar háa brún
upp af langri hraununum.

Hrafntinnusker er miðhraunið af þremur, sem liggja þétt
saman og hafa komið upp í sömu uppvarparöð (frá SV - NA).
Syðsta hraunið er lítið og fremur þunnt. Norðaustasta
hraunið er allstórt. Það hefur komið upp í gúl við
suðurrönd hraunsins og aðallega runnið norður eftir.
Löng misgengissprunga með SV - NA stefnu sést í þessu
hrauni skammt norður frá gúlnum.

Hrafntinnuhraun er stærsta hraunið af einum níu, sem
liggja í 3 km langri röð frá SV - NA. Hrafntinnuhraun
er annað hraunið sunnan frá í þessari röð. Auðsætt er, að
hraunið hefur í fyrstu hrúgast upp í allháan gúl, sem
síðan hefur sprungið fram og runnið norður. Standa rætur
gúlsins eftir sem há brún, er liggur í sveig sunnan við
uppvarpið í um það bil 300 - 400 m fjarlægð frá því.
Syðsta hraunið hefur komið upp í stórum gíg norðaustan í
háu líparítfjalli (1079 m). Gígur þessi, sem er opinn
austur, er úr grárri ösku og vikri, og hefur hann hlaðið
upp, áður en hraun kom upp í honum. Virðist þetta vera
nokkuð algild regla um tímaröð ösku- og hraungosa á þessu
svæði, þar sem hvort tveggja hefur komið upp á sama stað.
Hraunið frá gígnum hefur aðallega runnið norður, en styttri

álma liggur einnig í suður. Hraun þetta hefur, líkt og Hrafntinnuhraun, hrúgazt upp í gúl, áður en það breiddist út.

Sjö smágúlar og hraun liggja í röð sumpart ofan á jaðri "miðhraunsins" austan við Hrafntinnuhraun. Misgengi er skammt norðvestan við nyrztu smáhraunin (A↓) samsíða uppvarparöðinni.

Í nýútkominni bók sinni telur Sigurður Þórarinsson (The Eruptions of Hekla in historical times 1967) landnámslagið svonefnda (VII a + b) komið frá Hrafntinnuhraunssvæðinu. Er þá tæpast öðrum gosum til að dreifa en Hrafntinnuskeri og Hrafntinnuhrauni. Skv. öskuprófíl hjá S.P. (sama rit, bls. 16) virðist Hrafntinnuhraun þó yngra en svo, að það komi til greina í þessu sambandi.

Enn eitt súrt hraun rákumst við á vestur frá Laufafelli. Er þar gígaröð a.m.k. 2 km á lengd. Vegurinn niður í Hvanngil liggur yfir hana. Gígaröðin og hraunið frá henni, sem aðallega hefur breiðst vestur, eru mjög vikurorpin, en í gígaröðinni sjálfri má sjá hrafntinnukletta koma upp úr vikrinum. E.t.v. er þessi gígaröð jafngömuletzta postglasíala líparítgosinu norður frá Laufafelli (austan við veginn), en þeim þessi gos fylgja sömu línu. Sennilega er mest af þessum vikri ættar frá gígaröð litlu vestar samsíða þeirri súru. Er hún mjög há og áberandi, gígarnir rauðbryddir. Þarf að athuga, hvort ekki sé þar um hálfþúrt gos að ræða, en sitthvað bendir til að svo geti verið. Hraun hefur runnið frá þessari gígaröð austur niður eftir farvegi Markarfljóts og myndar m.a. fossinn norðan við Laufafell. Sennilegt má telja, að litlu hraunin, sem fyrr var minnzt á, að lægju utan í elzta gíignum (bls. 16) norðan við Laufafell séu í framhaldi þessarar gossprungu og jafngömulegum henni.

Gígaröð er einnig skammt austan við síra hraunið, sem hér á undan var lýst og yngri en það. Gengur hún upp að Laufafelli, en í framhaldi hennar NA eru norðan Laufafells tveir samliggjandi smágígar milli fjallsins og árinnar. Virðist þessi gígaröð vera úr basalti. Hraun hefur runnið frá henni til beggja hlíða.

Dómadalshraun og Háölduhraun eru komin úr einni uppvarparöð. Eigi var sí skoðuð náið, en norðaustan við Dómadalshraun hafa basaltísk gosefni komið upp á sömu sprungu. G.P.L. Walker nefnir í nyútkominni ritgerð, að Dómadalshraun sé blandað, þar hafi gosið súru og basísku hrauni í einu. Aðaluppvarp Dómadalshrauns er aflangt og liggur í því lágor hryggur. 5 smágúlar eru suðvestur frá því. Athuga þarf, hvort hraunið norðan við Dómadalshraun sé ekki komið sömu leið og það. Sprengigíg fann ég á ferð minni 1963 suðvestan við uppvarp Dómadalshrauns. Liggur dreifin úr honum umhverfis.

Norðan í Rauðfossafjöllum eru tveir stórir ösku- og gjallgígar. Var þeim eystri lýst nokkuð hér á undan (sjá bls. 2). Sunnan í Löngusátu er lítt reglulegur hraungígur í stefnu norðaustur frá þeim stóra gíg. Tveir aðrir gígar eru á þessari línu norður undir Löðmundarvatni. Vestri stóri gígurinn situr eins og hinn hátt utan í hlíð Rauðfossafjalla, skammt vestan við Rauðfoss. Er hann langdreginn frá SV til NA, opinn norðaustur úr. Hefur hann gosið mikilli ösku, sem hefur dreifst yfir umhverfið. Norðaustur frá gígnum liggur gígaröð með litlum hraungígum alveg norður á móts við Sátubarn. Hraun hefur komið upp þarna og runnið vestur niður farveg Helliskvíslar. Örstutt gígaröð með premur gígum er rétt vestan við þá, sem fyrr var lýst. Gígarnir eru lágir, gerðir úr gjalli og hafa gosið hrauni. Hraunið frá þessum gígaröðum er mjög kafið víkri, en einnig hafa árnar flæmst um það og borið í það möl.

Stóru gígana uppi í hlíðinni þarf að athuga betur. Þetta eru hálfgerðir sprengigígar og væru þeir í nokkuð óvenjulegu umhverfi ef þeir hafa gosið basalti. Mun rannsókn þeirra bíða næsta sumars.

Móbergið í Reykjadölum. Landslag í Reykjadölum einkennist öðru fremur af móbergshryggjum, sem liggja hver við annars hlíð í venjulegu SV-NA - stefnu. Flestir hryggja þessara eru aðeins 1 - 3 km á lengd, en þeir ná yfir allt svæðið frá Rauðfossafjöllum í vestri austur að nyrzta Hrafninnuskers-hrauninu. Í norður ná þeir upp að rótum Mógilshöfða. Virðist undirlag þeirra í suðri og norðri vera líparít. Útbreiðslu móbergsins gátum við rakið allvel nema norðvestan megin, þar fórum við lítið um. Alls er þarna um eina 6 - 8 samsíða hryggi að ræða, sem eflaust mynduðust hver yfir sinni gossprungu. Efni hryggja þessara var ekki athugasíð náið. Móbergstuffs virðist gæta mest í þeim, en í þeim austasta er þó einnig mikið um bólstraberg.

7. dagur, 26. sept.

Veður mjög gott allan daginn, hlýtt og lygnt, en undir kvöld skall á sunnan rok og slagviðri. Um hádegið þennan dag yfirlögum við Landmannalaugar og fluttum okkuð niður í Hvanngil. Áður en við fórum, mældu Jens og Karl ösku-prófil undir Laugahrauni við Námskvísl, en Kristján gerði uppdrátt af Landmannalaugum. A leiðinni niður í Hvanngil athuguðum við nokkra jarðhitastaði í Reykjadölum, og hefur þeim þegar verið lýst, einnig fundum við á leið okkar þangað nokkrar af gossprungum þeim, sem fyrr var lýst. Leiðin í Hvanngil um Reykjadalí er prýðilega fær jeppum.

30) Hverabyrping í djúpu gili suðvestur frá elzta hrauninu (vestan við veginn) norður frá Laufafelli. Hverirnir eru niðri á botni gilsins norðan við lækinn sem um það rennur. Stærstur er vatnshver um 10 m í þvermál, með sjóandi vatni, en litlu afrennsli. Úr honum var tekin prufa merkt Laufafell norðurhverir. Norðaustur og 10 suðvestur frá þessum aðalhver eru aðrir minni sjóandi smáhverir með litlu vatni. Guðmundur Kjartansson merkir hér tvo jarðhitastaði á korti sínu. Við fundum þó aðeins annan.

Margar af athugunum þeim á hraununum, sem þegar var greint frá, voru gerðar pennan dag.

Próffillinn, sem mældur var undir Laugahrauni, er sýndur á meðfylgjandi blaði. 4 cm þykkt hvítt öskulag, fast undir hrauninu mun vera hið svokallaða landnámslag, og má út frá því telja fullvist, að Laugahraun sé históriskt.

Á kaflanum frá Laufavatni austur í Hvanngil er farið yfir eða krækt fyrir aragrúa af móbergshryggjum. Ekki voru þeir skoðaðir neitt nánar nema hryggurinn, sem vegurinn liggur upp á (652 m) í Sátubotnum, hann er úr tholeiitiskri andesít-breksíu. Bólstraberg sést óvíða í hryggjum þessum, móberg og breksía yfirgnæfir yfirleitt.

Miklir vatnshjallar eru milli nokkurra hryggjanna norðanverðra og líparítfjalla Ljósártungna. Virðast þarna hafa verið allstórr vötn, sem hafa fyllzt af framburði ánnar norðan að og orðið þar til viðáttu miklar eyrar. Síðar hafa árnar grafið sig niður í pessa fornu aura.

Stærst af þessum vötnum hefur það verið, sem liggur milli Sátu og Laufafells. Vatn þetta hefur upphaflega fyllt lægðina austan við Sátu og vatnsborðið ákvarðast af yfir-

falli Markarfljóts við suðvestur endann á henni. Þar leggst Sáta fast upp að Faxa, næsta hrygg vestan við, og lokaðist lægðin þar. Hefur vatnsborðið staðið í rúmlega 580 m háð y. sjó, á meðan Markarfljót var að naga sig í gegnum bergþróskuldinn, sem er um 1 km á lengd. Vatnasetið skiptist í tvennt: neðst eru lárétt, fingerð lög, sem sezt hafa til í stöðuvatninu, ofan á þeim liggja svo aurarnir, skálögöttir og hallandi suður. Hefur mikill hluti þeirra norðan til myndazt ofan vatnsborðs. Launfitarsandur er stærsta leifin af hjöllum þessa löns. Ljósá og Markarfljót hafa grafið frá honum að norðan og vestan.

Austan við Torfatinda eru hjallar áþekkir þeim, sem áður var lýst. Ná þeir norðan frá Grashaga suður undir Krókagil (vestan við Skiptingarhöfða) h.u.b. 11 km vega-lengd. Útfall hefur þetta lón haft um Torfahlaup milli Grænafjalls og Torfatinda. Vatnsborð lönsins hefur verið í ca. 530 m háð y. sjó.

Vatnshjallar eru einnig upp af Álftavatni, en þeir voru eigi kannaðir nánar.

8. dagur, 27. sept.

Allhvassst framan af degi og rigning í lofti. Ákváðum við vegna veðurútlitsins, að fara ekki austur í Hitalaugar eins og tilgangurinn var með ferð okkar niður í Hvanngil, en héldum heim á leið. Var ekið til baka á aðalveginn vestan Laufafells og síðan leiðina niður með Eystri Rangá og komið á þjóðveginn í grennd við Gunnarsholt. Hélzt burrt mestan hluta ferðarinnar, en þegar komið var niður í byggð, tók að rigna og rigndi stöðugt alla leið til Reykjavíkur. Vísindunum var lítið sinnt pennan dag, utan hvað jarðhiti í Grashaga var skoðaður.

- 31) Jarðhiti í Grashaga við norðurjaðar hjallanna í lórinu austan Torfatinda. Óvenjulegur jarðhiti í tveim gilskorum. Parna hafa einhvern tíma verið skellur með gufuhverum, en nú eru parna vatnslitlar tærar laugar $20 - 52^{\circ}$. Stutt er á milli giljanna, aðeins um 50 m. Prufur merktar Grashagagil voru teknar í eystra gilinu. Milil ummyndun er hátt í hlíðinni ofan við á tveim stöðum. Ekki sást rjúka þar, en hugsanlegt er þó, að þar sé jarðhiti. Bíður það næsta sumars að ganga úr skugga um það. Fljótt á litið virðist heldur þverrandi hveravirkni hér sunnan í móti. Nokkrar volgrur mest um 11° með ryðrauðu vatni eru í gilskorningum norður af Sátabotnum (hæð 652 m).
- 32) Tókum vatnsprufur í ryðrauðum uppsprettum við Hagafellskvísl norðan við Hagafell (9°C). Prufur merktar Hagafellskvísl. Uppsprettur þessar eru í miðlinu Hagafellshryggsins.

Nokkur almenn orð um öskulög og brotalínur.

A svæðinu norðan við Frostastaðavatn og eins suður frá Sauðleysum sjást sérkennileg fyrirbrigði á hólum og í gildrögum, þar sem ljós öskulög koma fram sem samhlíða rákir (sjá meðfylgjandi ljósmynd af fyrirbærinu). A hólum og hæðum verður þetta vegna þess, að askan og vikurinn fýkur þar fyrr burt, en í lækjARBÖKKUM vegna niðurgraftar vatnsins. Suður frá Sauðleysum er öskulagaserian sem hér segir:

Efst grátt lag (basaltaska)
ljós lag (20 - 30 cm)
þunnt grátt lag (20 cm)
þykkt, ljóst lag (30 cm, H₃ ?)
þykkt, svart lag
allþykkt, ljóst lag (H₄ ?)
neðst er sennilega askan frá stóru gígunum
norðan í Rauðfossafjöllum (svört - grá aska).

Norður frá Frostastaðavatni (í Grákollu) var röð öskulaganna þessi:

Efst grátt lag (basaltaska)
þunnt, ljóst lag (ca. 15 cm)
grátt lag, allþykkt (ca. 50 cm)
þykkt, ljóst lag (30 cm)
þykkt, svart lag
þykkt, ljóst lag
~~██████████~~
þar undir Grákolla sjálf, mjög grófur vikur,
(sést aðeins í gili sunnan í).

Öskulög þessi voru eigi könnuð náið, og ofangreint á eingöngu við um aðalsukkessjónina, sem virðist samkvæmt þessu hin sama á svæðinu frá Frostastaðavatni að Sauðleysum. Bíður næsta sumars að kanna þessi öskulög eilítið nánar.

Vestan í Tjörvafelli mældi ég eftirfarandi prófil sumarið 1963 (efri hlutinn niður að þykka vikurlaginu var mældur uppi á skarðinu ofan gilsins, en neðri hlutinn í gilinu neðarlega (sjá ljósmynd Mynd 6 og 7)

- 0,12 m Basaltískt gjall
0,10 m Ljóst vikurlag og álíka gróft og 25 cm lagið
0,10 m Basaltgjall og lapilli m. nokkru í af ljósum vikri.
0,25 m Ljós vikur, fremur fingerður, sjaldan stærri molar en 2-3 cm Ø.
0,45 m Svartur vikur og aska, stærstu molar um 4 cm Ø (Sennil. Bláhylur. (ljósir molar í bland)).
1,20 - 2 m Grófur, ljós vikur m. stórum vikurstykjum (Sennil. Grákolla).
0,30 m Brúnt vikursandslag, sennil. fok.
0,60 m Basaltisk aska og lapilli.
0,07 m Ljóst lag (súrt)
þar undir harðari fokmold einnig með öskulögum (ekki mælt).

Brotlinur eru ekki sérlega áberandi á sjálfu Torfajökuls-
svæðinu, og verður ekki séð, að dreifing hveranna sé öðru
fremur háð þeim. Tvær samhliða eldstöðvalínur ganga inn
á Torfajökulsvæðið norðaustan af Veiðivatnsvæðinu og eru
nokkur misgengi í augljósum nánum tengslum við þær. Inni
á líparítsvæðinu eru sjálf misgengin eigi sérlega greini-
leg. Austasta eldstöðvalínan, Veiðivatnalínan, er sú, sem
fyrr var á minnst, að Laugahraun - Námshraun - Norður-
Námshraun - Ljótipollur - lægju á. Eldstöðvar halda
áfram í óslitinni röð norðaustur fyrir Ljósufjöll. Á
sömu línu suðvestast eru hin þrjú gosop Hrafntinnuskers.
Misgengi sjást á kaflanum frá Tungnaá suðvestur fyrir
Laugahraun. (Það sem norðvestar er, skiftir hér litlu
máli.) Greinilegust eru þau í móbergsfjallinu Norðurnám
suðvestan við Ljótapoll. Veiðivatnalínan er tvöföld frá
Svartakrók inn fyrir Skálavatn. Samstendur hún á þeim
kafla aðallega af grunnum sprengigígum, en einnig hraun-
gígum norðantil. Nokkrar líkur eru fyrir því að öll
þessi langa gossprungu hafi gosið samtímis og útfrá land-
námslaginu undir Laugahrauni. Verður líklegt að telja að
gosið hafi orðið skömmu eftir landnám.

Hin eiginlega Vatnaöldulína, sem er næst vestan við Veiði-
vatnalínuna, nær norðaustan frá Fonti (þar sem hún sam-
einast Heljargjá) suðvestur að Grákollu. Þrír suðvestustu
gígarnir eru merkilegir, hver á sinn hátt: Grákolla,
Sem gígkeila úr basaltgjalli; Bláhylur, geysistór sprengi-
gígur - líklegur til að hafa myndað víðáttumikið öskulag -
(í byrjun þess goss hefur komið upp hraun og runnið
aðallega vestur, en síðan orðið sprenging, sem peytti
burt hálfum móbergshrygg). Skyggnir er sprengigígur af
hverfjallagerð. Misgengi sést austan við Grákollu, en
einnig í líparíthryggnum vestan við hana. Sá hryggur er
e.t.v. postglasíal "Staurücken" myndaður í þessu
sama gosi. Hefur mér sýnst svo sumarið 1963, er ég skoðaði


hann nokkuð. Þarf þar þó nánari rannsóknar við. Vatna-Öldulínan endar í þessum hrygg, er sameinast svo Dómadalshraunslínunni. Dómadalshraunslínan er næst vestan við Vatnaöldulínuna og henni samsíða. Þessi lína nær slitrótt norðan frá Tungnaá um Dómadalshraun og upp í Háölduhraun (10 km). Misgengi eru áberandi í sambandi við hana.

Þær þrjár eldstöðvalínur, sem hér voru nefndar, breytast allar úr basalt- í líparíteldstöðvar þegar komið er inn á líparitsvæðið. Er þetta meira en lítið athyglisverð staðreynd, sem ýmsan lærdóm má eflaust draga af. Ennþá hefur þetta þó eigi verið kannað neitt.

Eldgosalínunum þrem suðvestan í líparitsvæðinu (í nágrenni Laufafells) eru ekki tengd misgengi svo nokkru nemi, utan hvað hugsanlegt er, að stallar uppi á Laufafelli með SV-NA-stefnur séu brotlínur. Um tvær vestri eldgosalínurnar sunnan megin er sama að segja og hinrar norðan megin, að þær virðast súrna, er nær dregur líparítinu. Að sumri munum við reyna að kanna þessar eldstöðvar allar ef við sjáum okkur fært og leggja einkum áherzlu á prufusöfnun.

Hér hefur eingöngu verið greint frá eldstöðvalínum og misgengjum með SV-NA-stefnu. Einnig virðast brotlínur með stefnu þvert á vera til. Nefni ég einkum sennilega brotlínu, sem nær úr Klukkugili suðaustur í Stóra Hamragil (A). Mörg gil á þeim hluta svæðisins, sem liggur austan við þessa línu eru áberandi fylgin við þessa stefnu. Gætu brotahreyfingar átt hér einhvern þátt í.

Dagbókarssíða af
kandmannalaugnum





Athuganir á ösku í C-sniði

| | | | | | | |
|-----------------|---|---------------------------|----------------------------|---------|-----------------------------|---------|
| Merkir þrufu | Útlit og stærð korna. Þvermál í cm. | Ljósbrotnar glers n | Ljósbrotnar plagioklass | Pyroxen | Olivin og ljósbrotnar | Flokkur |
|-----------------|---|---------------------------|----------------------------|---------|-----------------------------|---------|

| | | | | | | |
|-------|------------------|------------------|-----------------------------------|--------------------------------|---------------|----------------|
| C 1 | Öhrein | Hydrat. | $n_2 < 1.54$ $n_1 > 1.54$ | Einn | | 4,6,3 |
| C 2 | Dökkt 0.3-1.0 | 1.573 | $n_2 < 1.570$ $n_1 > 1.570$ | Einn $n_2 \geq 1.70$ | $n = 1.688$ | 2,1,2 |
| C 3 | Dökkt 0.5-3.0 | 1.575 | $n_x = 1.560$ 1.560 | Einn $n_2 \geq 1.70$ | $n_x = 1.695$ | 2,1,2 |
| C 4 | " | " | " | " | " | 2,1,2 |
| C 5 | Brúnt 2 | 1.535 | $n_x = 1.560$ | $n_2 \geq 1.700$ | $n_x = 1.715$ | 3,1,2 |
| C 6a | Ljósbrúnt 0.5 | 1.532 | $n_x = 1.560$ | $n_x = 1.658$ $n_y = 1.722$ | Ekkert | 3,1,3 |
| C 6b | Dökkt 0.5 | 1.575 | $n_x = 1.565$ | Einn | Ekkert | 2,1,3 |
| C 7 | Hvít | 1.515 | $n_x = 1.550$ | Einn | Járnrikt | 4,4,2 |
| C 7b | Svart | 1.600 | | | | 1,0,0 |
| C 8 | Ljóst, fínt | Hydrol. 1.515 | $n_2 < 1.550$ $n_1 > 1.550$ | Hátt n | Hátt n | 4,5,2 |
| C 9 | Brúnt 0.2-1.0 | 1.535 | $n_x = 1.545$ $n_y = 1.562$ | $n_x = 1.701$ $n_y = 1.722$ | $n_x = 1.740$ | 3,7,2 |
| C 10 | Ljósgrátt | 1.522 | $n_2 < 1.556$ $n_1 \leq 1.560$ | $n_x = 1.746$ | Járnrikt | 4,4,2 og 4,5,2 |
| C 10a | Brúnt | 1.560 | $n_x = 1.648$ $n_y = 1.75$ | Einn | Olivin | 2,7,2 |
| C 11 | Hvít | 1.503 | $n_2 < 1.550$ $n_1 > 1.550$ | $n_x = 1.740$ | Járnrikt | 4,5,2 |
| C 12 | Svarf 0.5-1.0 | n=1.615 | | | | H-5 |
| | | | | | | 1,0,0 |

| | | | | | | |
|------|--|-------|-----------------------------------|---|----------|-------|
| G 13 | Ljóst, fínt | 1.528 | $n_x = 1.550$ $n_y = 1.562$ | $n_x = 1.703$ $n_y = 1.721$ | Ekkert | 3,4,3 |
| C 14 | Brúnsvart 0.5-3.0 | 1.580 | $n_x = 1.572$ | | | 1,1,0 |
| C 15 | Svartlit- að. Út- felling. Ljós vikur 4.0 | 1.505 | $n_2 < 1.540$ $n_1 \geq 1.540$ | Tveir Clino-p. $n_x = 1.708$ $n_y = 1.725$ Orto-p. $n_x = 1.695$ brúnn. | Ekkert | 4,6,1 |
| C 16 | Ljósgult | 1.505 | $n_x = 1.545$ $n_y = 1.551$ | $n_x = 1.728$ | Járnrikt | 4,5,2 |
| C 17 | Rauð- brúnt. Útfelling svört | 1.580 | | | | 1,0,0 |
| C 18 | Ljóst, fínt | 1.495 | $n_x = 1.535$ $n_y = 1.542$ | $n_x = 1.703$ | Ekkert | 4,6,3 |





Mynd 1

Sprengigíkur (a) suðvestan við Brennisteinsöldu. Gufuaugu og smávegis vatnsseytl. Afrennsli vestur úr (til vinstri).
(Ljósm. K.Sæm. 1963).



Mynd 2

Sprengigíkur (b) norðvestur frá Brennisteinsöldu. Þarna voru teknar prufur merktar Sprengigíkur úr hverum við suðvesturenda tjarnarinnar.

(Ljós. K. Sæm. ág. 1963)



Mynd 3

lumílur
Laugahraun, Blákollur - Barmur frá næstefsta uppvarpi Laugahrauns. Skilin milli Blákolls-líparíts og neðri líparítseríunnar sjást glöggt. Við hornið, sem örín bendir á, kemur tillít og basaltískt bólstraberg fram undir neðra, ljósa líparítinu.
(Ljósm. K.Sæm. 1963)



Mynd 4

Landmannalaugar, Laugahraun, Bláhnúkur, Brennisteinsalda.



Mynd 5

Grákolla og hryggurinn vestan hennar. Dómadalshraun á bak við.
Hvítu rákirnar eru ljós öskulög. Myndin er tekin frá
(Ljósm. K.Sæm. 1963) Tjörvafelli



Mynd 6

Gilið vestan í Tjörvafelli, þar sem öskulögin voru athuguð.
Efsti hluti prófílsins var mældur uppi á hæðinni, þar sem efri örín
bendir. Neðri örín bendir á staðinn, þar sem mynd 7 er tekin.
(Ljósm. K.Sæm. ág. 1963).




Mynd 7

Nærmynd af öskulögum vestan í Tjörvafelli. Neðsta grófa lagið er frá gosinu í hrygnum milli Grákollu og Dómadalshrauns. (Staurücken).
(Ljós. K.Sæm. ág. 1963).



Mynd 8

Upptök Námshrauns og efri endi hraunsins, sem runnið
hefur norður af.



Mynd 9

Ljótipollur

~~W~~, Blautaver og gossprungu Frostastaðahrauns. Kirkjufell í baksýn hægra megin.